

Akademísk samsekt og akademísk samstaða:

Fræðastarf á tímum þjóðarmorðs

Ingólfur Gíslason



UNIVERSITY
OF ICELAND




PRICE fyrirlestur um gervigreind
6. ágúst

Gil S. Epstein (Bar-Ilan University) mun halda
fyrirlestur þann 6. ágúst klukkan 12-13.30 í
fyrirlestraral Þjóðmínjasafnsins:

Gil S. Epstein

þegar gervigreindin spyr mannshugann:
Hvers vegna ert þú hér?

Prófessor Gil S. Epstein er prófessor í hagfræði við Bar-Ilan háskólann og gegnir þar stöðu í opinberri stefnumótun. Hann var áður deildarforseti Félagsvísindadeilda og gegnir nú hlutverki yfirmanns rannsókna og starfshóps um vinnumarkaðsstefnu við Taub-stofnunina í Ísrael. Rannsóknarsvið hans nær yfir vinnumarkaðshagfræði, opinbera stefnumótun, gervigreind og stjórnmálahagfræði. Hann hefur verið einn höfundar áhrifamestu skýrslna sem skrifaðar hafa verið í Ísrael um gervigreind og vinnumarkað — skýrslur sem hafa verið notaðar í Knesset þinginu, OECD og öðrum alþjóðastofnunum. Hann situr í sérfræðihópi í AI-stefnumótun á vegum ríkisstjórnar Ísraels og MOSAIC-stofnunarinnar.



Bakgrunnur og yfirlit

Ísrael

Landránsnýlenda drifin áfram af dauðapólitík

Menntamorð

Kerfisbundin eyðilegging á menntun og menntakerfi

Ísraelskir háskólar

taka beinan þátt í og hagnast á hernámi og þjóðarmorði

Hvernig geta akademískar stofnanir og starfsfólk verið samsekt í þjóðarmorði?

Hvernig geta akademískar stofnanir og starfsfólk verið í samstöðu gegn þjóðarmorði?

Hugtök

1. Heilindi og Tvískinnungur
2. Samsekt
3. Samstaða
4. Þekkingaraktívismi

Tilvik

1. Háskóli Íslands: yfirlýsingar og sniðganga á Rússlandi en ekki Ísrael
2. Háskóli Íslands: fyrirlestur samseks fræðimanns og truflun fyrirlesturs
3. Alþjóðleg ráðstefna: þögn og virk afmáun Palestínufólks

Heilindi



26. apríl 2024

Árleg ráðstefna EUA: Heilindi á tímum breytinga

Heilindi (integrity):


- heiðarleiki og falsleysi, heilleiki, innra samræmi, athafnir af heilum hug
- að fylgja eigin dómgreind, taka afstöðu og sjá að það **skiptir samfélagið máli**: mikilvægt til að ákvarða hvað beri að gera (félagsleg dyggð)

Tvískinnungur (hypocrisy):

- að vera í mótsögn við eigin hugsjónir, óheilindi, hræsni, tvöfeldni
- afvegaleiðir samfélag um hvað beri að gera, svik við samfélagið

a set of behaviours and attitudes in the academic community internalising and furthering compliance with **ethical and professional principles and standards in learning, teaching, research, governance, outreach** and any other tasks related to the missions of higher education. (Bologna Follow Up Group, 2024)

Samsekt



Agha, S., Barakat, K., Brassier, R., & Sabra, Z. (2026). The Uncritical Mind: On Academic Complicity and Genocide. *Journal of Palestine Studies*.
Medina, J. (2023). *The Epistemology of Protest: Silencing, Epistemic Activism, and the Communicative Life of Resistance*. Oxford University Press
Mellema, G. (2016). *Complicity and moral accountability*. University of Notre Dame Press.

- Framlag til misgjörðar
- Þögn er ein mynd samsektar
- Þögn fræðafólks um þjóðarmorð er afneitun
 - stuðlar að framhaldi
 - afmáir sannleikann/veruleikann
 - grefur undan sannleiksleit
 - grefur undan samstöðu

Málgjörð: Að tala ekki um X er vísbendi um (hefur þá aukameiningu) að okkur finnst ekki næg ástæða til að tala um X.

„Þögn er sama og samþykki.“

Frumskylda fræðafólks er við sannleikann.

Samstaða



- Samstaða með undirskipuðum hópi merkir að vinna með hópnum
- Samlíðan og samúð jafngildir ekki samstöðu
- Samstaða krefst athafna
- Samstaða krefst EKKI samsömunar
- Samstaða krefst samtals og virkar hlustunar á kröfur undirskipaða hópsins
- Undirskipaðir hópar biðja ekki um samúð heldur réttlæti
- Palestínumenn hafa kallað eftir akademískri sniðgöngu í samstöðu

Abtahi, Y. (2024). The Ethics of Mathematical Knowledge: Imagination and Empathy to Produce Social and Ecological Solidarity. Í P. Ernest (Ed.), *Ethics and Mathematics Education: The Good, the Bad and the Ugly* (bls. 171–182). Springer


Ahmed, S. (2014). *The cultural politics of emotion* (2. útg). Edinburgh University Press.

Freire, P. (2014). *Pedagogy of the oppressed*. Bloomsbury Publishing.

PACBI. (2014). *PACBI Guidelines for the International Academic Boycott of Israel*.

<https://www.bdsmovement.net/pacbi/academic-boycott-guidelines>

Samstaða: Þekkingaraktívismi



- Afhjúpar og andæfir viðhorfum sem stuðla að kúgun og ofbeldi
- Gegn virkri fáfræði, sinnuleysi, hunsun, afmáun.
- Beitir óþægindum sem tæki

Frumskylda fræðafólks er við sannleikann.

Tilvik 1: Rússland – Ísrael

Samstarf við Rússland

Allt samstarf við háskóla og stofnanir í Rússlandi hefur verið sett á ís.

Almennt skulu aðgerðir ekki beinast að einstaklingum, og viðurkennt er að samstarf í menntun og rannsóknum er oft byggt á persónulegum tengslum.

Margir akademískir starfsmenn og nemendur í Rússlandi hafa opinberlega mótmælt innrásinni. Það verður því að meta hvort framhald verði á samstarfi í hverju tilfalli fyrir sig, en taka viðmið af stefnu stjórnvalda hverju sinni.



Háskóli Íslands fordæmir innrás Rússa í Úkraínu og lýsir yfir samstöðu með nemendum og starfsfólki úkraínskra háskóla sem og öllum íbúum landsins.

Rektor brást við og lagði áherslu á að stríðsátökin fyrir botni Miðjarðarhafs séu harmleikur sem mikilvægt er að ljúki sem allra fyrst. Hins vegar væri ekki rétt að Háskóli Íslands sem stofnun taki afstöðu til málsins. Á hinn bóginn sé nemendum og starfsfólki frjálst að tjá skoðun sína. Rektor nefndi að hann hafi ítrekað þessi sjónarmið í samtölum við fulltrúa Stúdentaráðs og hafi fundað sérstaklega með þeim sem héldu viðburðinn 1. maí. Samanburðurinn við innrás Rússlands í Úkraínu, sem vísað er til í bókun fulltrúa nemenda, á að mati rektors ekki við þar sem ólíku er saman að jafna. Í því tilviki studdu rektorar rússneskra háskóla innrásina og af þeirri ástæðu stóðu Samtök evrópskra háskóla (EUA) saman að því að hætta tímabundið samstarfi við rússneska háskóla [↗](#). Háskóli Íslands er ekki með neina samstarfssamninga við ísraelska háskóla, en einstökum fræðimönnum er frjálst að vinna með kollegum sínum hvar í heimi sem er samkvæmt þeirra eigin mati.

Tilvik 2: Bar-Ilan háskóli



Gil Epstein ✓ · 3rd+
Professor of Economics | Expert i...
1yr · 🌐

[+ Follow](#)

They are on the frontline, We have their back
5,000 Bar-Ilan students have been called to the front lines to protect our country and our people. They left their homes, their dreams for higher education, and are fighting for the existence of the state of Israel. They're distressed about how they'll pay for tuition and if they can manage their rent. They need a sense of security and peace of mind so that they can concentrate on the battle ahead. It is now our mission to create a financial lifeline so our students can fully focus on their mission without worrying about the future. Bar-Ilan University has therefore established a Student Lifeline fund that will provide assistance with tuition, living expenses and professional emotional support. We are saying to them "Don't Worry! We have your back."

Join us. Back our students on the front line.

Mynd af vef Bar-Ilan háskóla: <https://www.biu.ac.il/en/article/582962>

Tilvik 2: Gil Epstein



Gil Epstein ✓ • 3rd+

Professor of Economics | Expert i...

1yr •

+ Follow

They are on the frontline, We have their back
5,000 Bar-Ilan students have been called to the front lines to protect our country and our people. They left their homes, their dreams for higher education, and are fighting for the existence of the state of Israel. They're distressed about how they'll pay for tuition and if they can manage their rent.

They need a sense of security and peace of mind so that they can concentrate on the battle ahead.

It is now our mission to create a financial lifeline so our students can fully focus on their mission without worrying about the future.

Bar-Ilan University has therefore established a Student Lifeline fund that will provide assistance with tuition, living expenses and professional emotional support. We are saying to them "Don't Worry! We have your back."

Join us. Back our students on the front line.




PRICE fyrirlestur um gervigreind 6. ágúst

Gil S. Epstein (Bar-Ilan University) mun halda fyrirlestur þann 6. ágúst klukkan 12-13.30 í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins:

Gil S. Epstein

**Þegar gervigreindin spyr mannshugann:
Hvers vegna ert þú hér?**

Prófessor Gil S. Epstein er prófessor í hagfræði við Bar-Ilan háskólann og gegnir þar stöðu í opinberri stefnumótun. Hann var áður deildarforseti Félagsvísindadeildar og gegnir nú hlutverki yfirmanns rannsókna og starfshóps um vinnumarkaðsstefnu við Taub-stofnunina í Ísrael. Rannsóknarsvið hans nær yfir vinnumarkaðshagfræði, opinbera stefnumótun, gervigreind og stjórnmálahagfræði. Hann hefur verið einn höfunda áhrifamestu skýrsla sem skrifaðar hafa verið í Ísrael um gervigreind og vinnumarkað — skýrslur sem hafa verið notaðar í Knesset þinginu, OECD og öðrum alþjóðastofnunum. Hann situr í sérfræðihópi í AI-stefnumótun á vegum ríkisstjórnar Ísraels og MOSAIC-stofnunarinnar.



Tilvik 2: Þekkingaraktívismi við Háskóla Íslands



Ingólfur Gíslason

6 August 2025 · 🌐

Sniðgöngusigur í dag: Háskólasamfélagið hafnaði meðvirkni og sendi skýr skilaboð til þeirra sem vilja láta eins og þjóðarmorð hafi ekkert sérstakt vægi og að það sé hægt að standa utan þess.

Fyrirlestur fulltrúa þjóðamorðræðisins í Ísrael var blásinn af eftir um 20 mínútur. Þá hafði því verið komið því skýrt á framfæri að fyrirlestri prófessorsins væri hafnað. Gylfi Zoega stóð að fyrirlestinum og fékk tækifæri til að koma því sjónarmiði á framfæri að fyrirlesturinn væri ópólitískur og að hann hefði rætt við prófessorinn um morguninn og verið fullvissaður um að hann starfaði ekki fyrir herinn. Með þögn sinni um þjóðarmorðið kom hann því líka skýrt á framfæri að honum finnst það ekki skipta nægilega miklu máli til að sniðganga fræðimenn við ísraelska háskóla sem heyra undir og vinna beint fyrir ísraelska herinn. Prófessorinn sjálfur kom því á framfæri að hann starfaði ekki beint fyrir herinn og að seta hans í stofnunum sem tengjast honum merki ekki neitt, hann væri hér sem algerlega ópólitísk persóna og vildi ekki ræða um þjóðarmorðið, enda væri það pólitísk umræða. Það er í raun merkilegt að hann skyldi ekki lýsa yfir neinni vanþóknun á framferði ríkisins sem hann vinnur fyrir - hann hafði ágætt tækifæri til þess og það hefði eflaust gert mótmælendum erfiðara fyrir.

Það verður að teljast fádæma smekklaust að flytja inn fyrirlesara frá háskóla sem er virkur þátttakandi í þjóðarmorði. Jafnvel þó að, eins og Gylfi kom á framfæri, maðurinn væri hér staddur í frii sem privatpersóna sem bauð fram sinn fyrirlestur endurgjaldslaut. Í raun lýsir það þó ekki eingöngu smekkleysi heldur annaðhvort skilningsleysi eða algjöru siðferðisgjaldþroti að taka ekki þátt í akademískri sniðgöngu á Ísrael til þess að þrýsta á yfirvöld þar í landi að láta af þjóðarmorði. Sársauki fræðimanna þar í landi að vera ekki boðið til fyrirlestrahalds verður að teljast ásættanlegur í þeirri baráttu.

Eins og ég benti á í færslu áður í dag þá er Bar-Ilan háskólinn sem prófessorinn starfar fyrir alger lykilstofnun fyrir Ísraelsher og áratuga landrán og hernám ríkisins. Prófessorinn sjálfur er líka í stjórn (Executive council) stofnunar sem heitir BESA (Begin-Sadat Center for Strategic Studies) en sú stofnun hefur beinlínis þann eina tilgang að styðja hernað Ísraels á alla vegu, þar með talið með áróðri.

Rétt er að minna á að Háskóli Íslands gaf út yfirlýsingu um að setja akademískt samstarf við Rússa „á ís“ en hefur ekki gefið út neina sambærilega yfirlýsingu um Ísrael. Og rétt að ítreka að rök eins og að verið sé að útiloka á grundvelli þjóðernis eiga ekki við - maðurinn vinnur fyrir stofnun sem leikur lykilhlutverk í kúgun og þjóðarmorði. Það eru til ísraelskir ríkisborgarar sem andæfa því - þessi er ekki einn af þeim.



Ingólfur Gíslason

5 August 2025 · 🌐

Ég hef aldrei heyrt um þessa rannsóknarstofnun sem nú flytur inn fulltrúa landránsnýlendunnar til að segja okkur frá nýjustu gervigreindarrannsóknum í Ísrael. Ég sé að í stjórn stofnunarinnar eru allskonar þekktir prófessorar, eins og Gylfi Zoega. Er þetta yfirlýsing um stuðning við þjóðarmorðið? Það er erfið að skilja þetta öðruvísi. Ég hvet allt áhugafólk um málefni ríkisins að mæta og spyrja kappann út í notkun hersins á gervigreind til að drepa sem flesta. En já spurningin til hans er góð: hvers vegna ert þú hér?



Ingólfur Gíslason

6 August 2025 · 🌐

Gylfi Zoega hefur fyrir hönd stofnunar, sem tengist Háskóla Íslands, boðið akademiskum starfsmanni við háskóla í „Ísrael“ að halda fyrirlestur um gervigreind. Fyrirlesturinn er á eftir, kl. 12 í Þjóðminjasafninu. Gylfi telur að það skipti engu máli að maðurinn starfi við menntastofnun sem á í nánum tengslum við stjórnvöld sem standa fyrir þjóðarmorði, stofnun sem leikur stórt hlutverk í hernaðarsamfélagi landránsnýlendunnar. Gylfi telur að það eigi ekki að refsa fólki fyrir „þjóðerni“ en þjóðernið er reyndar ekki það sem skiptir máli heldur störf mannsins í þágu ríkis sem er að fremja þjóðarmorð akkúrat núna. Það má lesa víða um það hvernig Bar-Ilan háskóli styður hernað ríkisins með fjölbreyttum hætti og yfirlýstan stuðning skólans við hernaðinn, landránið og ýmsar leiðir til að styðja við hvorutveggja. Það finnst engin merki um að prófessorinn hafi á nokkurn hátt beitt sér gegn hernáminu eða þjóðarmorðinu.

Ein fyrsta niðurstaða í gúgli um samstarf við þennan háskóla er skýrsla frá Erasmus háskóla í Rotterdam. Skýrslan er auðvitað fáránlega mild og byggir á þeim skilningi að „Ísrael“ sé í grunninn lögmætt ríki. Engu að síður varar skýrslan við samstarfi við Bar-Ilan háskóla, þar sem hann sé „kerfisbundið samfléttaður við ríkið og herinn, og að hann eigi hlut að máli í kerfisbundnum mannréttindabrotum, alþjóðalögum og stríðsglæpum.

Það að standa fyrir fyrirlestri frá starfsmanni þaðan er tilraun til að hvíttþvo „Ísrael“, gefa þá fólku mynd að þar í landi sé fullt af starfsmönnum menntastofnana sem séu dhábir, eins og það er boðleg afstaða, „ég bara vinn hérna“ sagði fangavörðurinn í Auschwitz.

Hlekkur á hina mjög varfærnislegu skýrslu Erasmus háskóla í athugasemd.

The committee has found credible indications of Bar-Ilan University's systematic entanglement with the State of Israel and the IDF, security forces and private companies in the context of research for military technology, in the activities of the BESA center, and in the Bereket educational programme. In the context of serious allegations that military actions of the IDF may amount to war crimes and violations of human rights and international humanitarian law and/or war crimes, the committee considers that these collaborations amount to credible indications of Bar-Ilan University's direct involvement in human rights violations or violations of academic values.

Aðgerð sem miðaði að því að

- afhjúpa og spyrna gegn viðhorfum og skyni sem viðhalda og styðja við kúgun og ofbeldi Ísraels sem landránsnýlendu sem byggir á landsinnlimun og kynþáttaútrýmingu
- valda fulltrúa gróflega samsekrar stofnunar óþægindum, útskúfa honum og leggja opinberlega til frekari útskúfanir á fólki í sömu stöðu

**UNIVERSITY
OF ICELAND**



Tilvik 2: Völd og afskipti

- **Morgunblaðið**: eina prentaða dagblað landsins, gefið út í tugþúsundum eintaka
 - Ritstjóri Davíð Oddson, fyrrverandi forsætisráðherra og Seðlabankastjóri
- **Bylgjan**: stærsta útvarpsstöð landsins. **Bítið**: einn vinsælasti útvarpsþáttur landsins
 - Stjórnendur: Heimir Karlsson, Lilja Katrín Gunnarsdóttir. Viðmælandi Þórarinn Hjartarson hlaðvarpari.
- **Ein pæling**: hlaðvarp Þórarins Hjartarsonar, þar sem m.a. forsætisráðherra og margir þingmenn koma reglulega til viðtals.
- **Vísir.is**: annar stærsti vefur landsins.
- **DV.is**: þriðji stærsti vefur landsins.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor emeritus (Morgunblaðið)
- Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari (Vísir.is)
- Davíð Þór Björgvinsson, prófessor og fyrrverandi dómari við Mannréttindadómstól Evrópu (DV)
- Kolbeinn H. Stefánsson, dósent í Félagsráðgjafardeild við Háskóla Íslands (Heimildin, Mannlíf, Ein pæling, og fleira)

Nýjasta vika					
	Flokkur	<	Notendur	Innlit	Flettingar
Vefsíða (slóð)	Vika	↓	Meðaltal	Meðaltal	Meðaltal
1 mbl.is	2026 Vika 08		223.548	522.621	2.306.423
2 visir.is	2026 Vika 08		210.106	483.296	1.827.918
3 dv.is	2026 Vika 08		107.206	193.631	652.439
4 ruv.is	2026 Vika 08		83.817	169.932	270.823
5 ja.is	2026 Vika 08		30.063	67.138	121.577
6 fotbolti.net	2026 Vika 08		25.655	57.087	204.463
7 mannlif.is	2026 Vika 08		22.860	28.770	52.327

Af hverju þegir fræðafólk?


Ótti við refsingar og afleiðingar

- vera tekin fyrir með opinberum rógi
- missa starf, starfstækifæri
- vera útskúfað
- komast ekki milli landa
- vera handtekið eða beitt ofbeldi

Sjálfvirkni, hugmyndafræði

- höfum ekki tíma eða orku
- mótmæli munu engu breyta
- aukin almenn vitund er einskis virði
- rasismi, frjálslyndi

Tilvik 3: Ráðstefna um stærðfræðimenntun (I/II)



Climate change and mathematics education: entanglements, values and hopes

- a discussion from a critical, democratic perspective

 Mentimeter

Q&A

Recent

Climate change issues involve multiple disciplines (chemistry, biology, etc.). Which of these should go into math classes and which to the other sciences?

 2

In this CERME there is a paper about emotionally supporting soldiers, who have participated in the destruction of Gaza. What to do about mathematics education's complicity in destruction of lifeworlds?

 2

Þegar fræðafólk þegar...

- rannsóknirnar eru fjarri því að vera um réttlæti eða siðferði eða snúast um að bæta heiminn?
- rannsóknirnar eru um réttlæti, siðferði, að bæta heiminn?
- Fyrirlestur með fyrirspurnum úr sal

Tilvik 3: Ráðstefna um stærðfræðimenntun

ID: 305 / TWG 10: 11

TWG 10: Diversity and Mathematics Education: Social, Cultural and Political Challenges

Paper


Keywords: Emotional self-awareness, anxiety, "Blob Tree", educational resilience, prospective mathematics teachers.

Educational Resilience during National Crisis: Emotional Self-Awareness of Prospective Mathematics Teachers Returning from Reserve Service

Mirela Widder, Ilana Waisman, Galit Nagari-Haddif, Anna Prusak, Karni Shir, Ruti Segal, Nelly Keller

"Shaanan" Academic Teachers' College, Haifa, Israel

 [TWG10-Widder-305.pdf](#)



Virkari samsekt:

- afmáun, afmennskun
- að rækta tilfinningalega meðvitund hermannanna sem hafa tekið þátt í þjóðarmorði

Samstaða til mótvægis:

- þekkingaraktívismi
- að benda á mótsögn milli grunngilda menntunar og þess að taka þátt í þjóðarmorði

Lokaorð (I/II)

- **Tvískinnungur** Háskóla Íslands
 - yfirlýsingar um **heilindi**
 - ólík viðbrögð:
 - yfirlýsingar og sniðganga á Rússum til samstöðu með Úkraínu
 - þögn og engar aðgerðir gegn Ísrael til samstöðu með Palestínu
 - vettvangur fyrir hvítþvott og normalísingu Ísraels
- **Samsekt** akademíunnar
 - þögn breiðir yfir voðaverk Ísraels og stuðlar að framhaldi þeirra
 - þögn stuðlar að því afmá sögu Palestínufólks og sannleikann sjálfan sem markmið
 - grefur undan samstöðuhreyfingum

Lokaorð (II/II)

- **Samstaða** getur falist í
 - **Þekkingaraktívisma** til að afhjúpa og spyrna gegn viðhorfum og skyni sem viðhalda og styðja við kúgun og ofbeldi.
 - Að virða óskir Palestínumanna sem hafa kallað eftir akademískri sniðgöngu í 25 ár.
 - Opinberri sniðgöngu til að valda samsekum stofnunum og einstaklingum óþægindum.
 - Palestínumenn hafa ekki óskað eftir því að við séum í samtali við fólk í samsekum stofnunum sem form af samstöðu.

